

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 289/2021

frá 29. október 2021

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/345 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/347 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr undirklórsýru, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/348 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja karbendasím sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7 og 10 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/327 frá 23. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/333 frá 24. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklórálósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/354 frá 25. febrúar 2021 um frestun

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 163.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 170.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 174.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 64, 24.2.2021, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 65, 25.2.2021, bls. 58.

að því er varðar lokadag samþykkis fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ⁽⁶⁾.

7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzu (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1763) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzv. **32021 R** **0345:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/345 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er búinn til úr natríumklóríði með rafgreiningu, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 (Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 163).

12zzzzzzw. **32021 R** **0347:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/347 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja virkan klór, sem er leystur úr undirklórsýru, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3, 4 og 5 (Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 170).

12zzzzzzx. **32021 R** **0348:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/348 frá 25. febrúar 2021 um að samþykkja karbendasím sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7 og 10 (Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 174).

12zzzzzzy. **32021 D** **0327:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/327 frá 23. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtið. ESB L 64, 24.2.2021, bls. 10).

12zzzzzzz. **32021 D** **0333:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/333 frá 24. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklórólósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtið. ESB L 65, 25.2.2021, bls. 58).

12zzzzzzza. **32021 D** **0354:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/354 frá 25. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir própíkónasóli

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 68, 26.2.2021, bls. 219.

til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjtíð. ESB L 8, 26.2.2021, bls. 219).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/345, (ESB) 2021/347 og (ESB) 2021/348 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2021/327, (ESB) 2021/333 og (ESB) 2021/354, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. október 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.